Haustfundur Inner Wheel umdæmisins nr.136 haldinn í Kænunni í Hafnarfirði 21. okt. 2026 kl. 18.30

Mættar voru úr eftirfarandi klúbbum:

I.W, Kópavogur: Magnea I. Kristinsdóttir, Magga Hrönn Árnadóttir, Sólveig Árnadóttir, Sigurbjörg Magnúsdóttir, Edda Magnúsdóttir, Sigrún S. Ívarsdóttir, Erla Eggertsdóttir.

I.W. Selfoss: Þóra Þórarinsdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir, Hjördís Þorfinnsdóttir, María Óladóttir, Nína G. Pálsdóttir.

I.W. Reykjavík: Vigdís Jónsdóttir, Ágústa Hauksdóttir, Guðrún B. Jónsdóttir, María V. Heiðdal, Elín Hjartar, Stefanía Borg Thorsteinsson.

I.W. Keflavík: Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir, Sólveig Einarsdóttir, Gunnhildur Skaftadóttir.

I.W. Hafnarfjörður: Sigurborg Kristinsdóttir, Ína Illugadóttir, Alma Sigurðardóttir, Guðlaug Ásgeirsdóttir, Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir, Agnes Jóhannsdóttir, Þórdís Guðjónsdóttir, Valdís B. Guðjónsdóttir umdæmisstjóri.

Gestir: Elísabet Þórðardóttir, Steinunn Bj. Sigurðardóttir.

Samtals mættu 29 félagar og 4 gestir.

Valdís umdæmissstjóri stakk upp á sjálfri sér sem fundarstjóra og Þórdísi Guðjónsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

Valdís setti fundinn og kveikti á kerti. Farið var með heitin og einkunnarorðin **Vaxið og dafnið**.

Valdís fór síðan yfir dagskrána.

Valdís fór nánar yfir einkunnarorðin og hugmyndina á bak við þau og sýndi skemmtilegu myndina sem þeim fylgdu. ¨Our garden of unity one purpose, one future¨ sem útleggst: Garður einingar okkar, einn tilgangur, ein framtíð. Einkunnarorðin á frummálinu ¨**Grow and florish¨ Vaxið og dafnið á íslensku**. Valdís útskýrði vel myndina. Gulu og rauðu rósirnar. Rauða rósin – Inner Wheel forever- rósin sem tákna áhrif okkar út á við, sanna vináttu, mannleg samskipti og alþjóðlegan skilning. Gula rósin - Margreta Golding dregur nafn sitt af stofnanda Inner Wheel og táknar ástand burðavirkinsins, víkkunina og þann grunn sem Inner Wheel er byggt á. Valdís útskýrði nánar myndina sem allt fellur vel að markmiðum okkar í Inner Wheel.

Eftir kvöldverð kynnti Valdís söngatriði.

Bryndísi Haraldsdóttur sem er fædd og alin upp í Englandi. Hún hefur gefið út 5 lög á síðastliðnu ári og hefur verið með tónleika í Reykjavík og Hafnarfirði. Hún söng fyrir okkur 3 lög 2 frumsamin. Meðleikari hennar var Stefán Örn Gunnlaugsson.

Forsetar klúbbana komu fram og sögðu frá því helsta sem verður á dagskrá hjá þeim í vetur.

Kristjana forseti I.W. Hafnarfirði sagði frá verkefninu *Lifandi hefðum* sem haldið verður áfram með frá því í fyrra og sagði frá Ísmús. Hún minnti á að 4. nóv var stofnfundur Inner Wheel.

Næst kom Ragnheiður Ásta frá I.W. Keflavík verðandi umdæmisstjóri og sagði frá hvað væri á döfinni hjá þeim í Keflavík en forsetinn komst ekki á fundinn. Hún sagði frá mikilli fjölgun í klúbbnum og eru þær orðnar 36 og von á einni í vðbót. Þær ætla að halda betur utan um nýja félaga og gera tilraun með að hafa kaffihúsahitting á milli funda þar sem félagar geta hitst. Hún sagði frá 50 ára afmælinu sem verður á næsta ári og eru þær komnar með afmælisnefnd sem strax er tekin til starfa.

Magnea Kristinsdóttir frá I.W. Kópavogi sagði að á síðasta fundi hjá þeim sem var aðalfundur var ákveðið að styrkja Örninn sem er félagskapur fyrir börn sem misst hafa náinn ættingja. Þær eru 13 í klúbbnum en þær hafa nýlega misst tvær úr sínum hóp.

Vigdís Jónsdóttir frá I.W. Reykjavík sagði að þeim hafi fækkað eru núna 16 og 12 sem eru að mæta á fundi. Meðalaldur hjá þeim er 83 ár. Þær halda fundi annan hvern mánuð. Næsti fundur verður jólafundur en þær eru vanar hafa jólafundina mjög hátíðlega og fá alltaf prest til að vera með hugvekju. Á fyrsta fundinum fengu þau Valdísi B. Guðjónsdóttur umdælisstjóra í heimsókn, Það er enginn bilbugur í þeim en þær stefna á Kaupmannahafnarferð með vorinu.

María Ólafsdóttir forseti I.W. Selfoss. Sagði frá því að Valdís umdæmisstjór kom í heimsókn, Einn félagi frá þeim sagði frá Kínaferð sem hún hafði farið í. Umræða hafði farið fram um hvort þær ættu að styrkja barn.

Næst var komið að bókakynningu sem Ragnheiður Ásta verðandi umdæmisstjóri kynnti og las upp úr bók eftir Steinunni Björk Sigurðardóttur rithöfund en hún var stödd á fundinum en treysti sér ekki sjálf til að kynna bókina sökum M.S. sjúkóms sem hún er með. Ragnheiður Ásta byrjaði á því að segja frá kynnum þeirra Steinunnar en þær búa ekki langt frá hvor annari. Bókin heitir *Árið á Ítalíu* og fjallar um dvöl Steinunnar sem skiptinemi en hún dvaldi hjá fjölskyldu sem býr í höll og annari sem er bændafólk.

Undir liðnum önnur mál sagði Kristjana Þórdís forseti I.W. Hafnarfirði frá I.I.W. verkefninu “Orange the World, I.W., for her safety” sem er partur að því að auka meðvitund allra um að

stöðva ofbeldi gegn konum og stúlkum. Átakið hefst 25. nóv. og stendur til 10. des. Kristjana ræddi um ýmsar leiðir sem hægt er að fara til að vekja athygli að þessu verkefni eins og fara í göngu saman klæddar appelsínugulu en litur verefnisins er appelsínugulur. Hægt er að lesa um átakið á innerwheel.is. Kristjana ætlar að senda þetta á forseta klúbbana. Fundi slitið kl. 21.10

Þórdís Guðjónsdóttir

umdæmisritari